

Grænfáninn – skýrsla

2018-2019 og 2019-2020

Við sækjum nú um Grænfánann í 8. sinn. Það hefur tekið okkur lengri tíma að vinna að markmiðum okkar að þessu sinni vegna þess að miklar framkvæmdir hafa verið í gangi í skólanum tvö síðustu skólaár. Það hefur sett svip sinn á verkefnið. Covid -19 setti ferlið einnig úr skorðum, nú á lokametrunum. Málin hafa þróast á þann veg að verkefni umhverfisnefndar hafa tafist því margt hefur verið þyngra í vöfum vegna stórfelldra framkvæmda í skólanum, s.s. bekkjum þjappað saman eða settir út úr skólahúsnæði. Á sama tíma var samningur við Hótel Borgarnes felldur niður og nýtt fyrirkomulag þurfti að gera á matartímum.

Vegna þessa var ákveðið að stefna ekki á úttekt á vormánuðum 2019 en stefna á úttekt vorið 2020 og að flagga í byrjun skólaársins 2020 – 2021. Þá var ákveðið snemma í ferlinu að sama umhverfisnefnd myndi sitja áfram og ljúka verkefninu en hún var stækkuð á vissum tímamarki þannig að bæði aðal- og varamenn bekkja myndu sitja í nefndinni. Hún er því nokkuð fjölmenn.

1. Umhverfisnefndin

Við funduðum fyrst í umhverfisnefnd í janúar 2018 eftir að hafa flaggað í sjöunda sinn vorið 2017. Fullorðnir meðlimir nefndarinnar voru valdir á starfsmannafundi en nemendur voru valdir af bekkjarfélögum Við óskuðum eftir því við formann foreldrafélagsins að tilnefndur yrði fulltrúi foreldra sem var gert og hefur hann starfað með okkur allan tímann.

Nefndin hefur haldist nokkuð óbreytt frá fyrsta fundi en eitthvað hefur verið skipt um fullorðna meðlimi hennar.

Í umhverfisnefndinni sitja fulltrúar, nemenda, kennara, annars starfsfólks, foreldra og stjórnenda. Fundir eru formlegir. Boðað er til þeirra með auglýsingum og dagskrá og því að senda boð á umsjónarkennara. Fundargerð er skráð. Fundir í umhverfisnefnd eru u.þ.b. tveir á hvorri önn en auk þess hittast fullorðnir meðlimir nefndarinnar í þeim tilgangi að undirbúa fundi.

Í ferlinu höfum við tekið margar mikilvægar ákvarðanir. Veturinn 2018 var gert mat sem markmiðsetning byggir á. Í maí 2018 fundaði umhverfisnefnd í þeim tilgangi að leggja línurnar fyrir komandi skólaár. Á þeim fundi var þemað „Neysla og úrgangur“ valið. Það var ákveðið að fyrsta verkefni haustsins 2018 yrði að setja markmið byggð á því. Við settum okkur fimm markmið og ákváðum síðan hvernig við myndum taka á hverju markmiði fyrir sig. Þetta var gert í hópavinnu í umhverfisnefnd og var nemendum skipt í aldursblandaða hópa.

Umhverfisnefnd tók ákvörðun um að taka á vandamáli sem uppi er vegna óskilamuna sem safnast upp í skólanum. Því var farið í vinnu við að halda svokallaða óskilamunadaga og að fylgjast með magni óskilamuna.

Þá fór vinna í útfærslu á kynningu á verkefninu sem varð svo að endurskoða vegna samkomubanns.

Við gerð Umhverfissáttmála skólans var tekin ákvörðun um að allir í skólanum ættu þátt í velja slagorð. Meðlimir umhverfisnefndar unglingsdeildar sáu um framkvæmdina.

Meðfylgjandi eru tvær fundargerðir umhverfisnefndar (sjá fylgiskjal 1 og 2).

2. Mat á stöðu umhverfismála

Veturinn 2018 hófst starfið með því að Umhverfisnefnd tók stöðuna í skólanum og notaði til þess umhverfisgátlista frá Landvernd en auk þess hefur staðan verið metin þrisvar á tímabilinu, vor 2019, haust 2019 og janúar 2020. Lokamat fer fram í byrjun maí og hefur seinkað vegna samkomubannsins. Í upphafi voru það nemendur sem tóku út stöðuna og á miðju skólaári 2019 – 2020 og lokamat verður framkvæmt af nemendum en á öðrum tímapiptum voru það kennarar eða stjórnendur sem settu fram drög að mati á fundum þar sem farið var yfir stöðuna. Meðfylgjandi eru gögn varðandi umhverfismat sem nemendur gerðu á hverju stigi í upphafi tímabils (sjá fylgiskjöl nr. 3, 4 og 5).

3. Áætlun um aðgerðir og markmið

Markmiðin voru sett á fundi umhverfisnefndar og tóku allir meðlimir nefndarinnar þátt í markmiðssetningunni. Þess ber að geta að allar þessar hugmyndir að markmiðum komu frá fulltrúum nemenda í nefndinni. Notast var við markmiðssetningarblað *Skóla á grænni grein* við vinnuna. Bættum síðan inn í það eftir því sem málum vatt fram (sjá fylgiskjal nr. 6).

Út frá þemanu og eftir mat á aðstæðum í skólanum urðu þessi markmið fyrir valinu:

- **Að takmarka sorp og flokka betur.** Í upphafi setti nefndin sér nokkur markmið um að bæta flokkun og fá góð ílát undir úrgang. Einnig var lögð áhersla á að minnka notkun plastpoka í ruslafötur. Þá var talað um að hafa merkingar skýrar og beina því til nemenda að hafa fjölnota ílát undir nesti. Á tímabilinu hefur verið unnið markvisst að þessu í samstarfi við stjórnendur og húsvörð.
- **Nýta betur pappír.** Vannýting á pappír var nefndarfólki ofarlega í huga og vildi það koma þeirri athugasemd til nemenda og starfsmanna. Ákveðið var að gera leiðbeiningarblað hvað þetta varðar og var því fylgt eftir með því að umhverfisnefnd fór í bekk og kynnti leiðbeiningarnar í upphafi og svo ítrekað nú í byrjun árs 2020 með sama hætti.
- **Fara vel með allar eigur skólans t.d. bækur og önnur námsgögn.** Hér var athyglinni beint sérstaklega að bókum. Í úttekt í upphafi tímabils kom fram að nemendur týna stundum bókum og að unglingsstigi þarf betri hirslur til að geyma gögnin sín í skólanum. Þá varð nefndin vör við að það kom fyrir að nemendur gengu illa um bækur s.s. rifu blaðsíður úr bókum eða brutu upp á þær. Nefndin ákvað að búa til leiðbeinandi reglur um umgengni við bækur. Ákveðið var að gera leiðbeiningarblað hvað þetta varðar og var því fylgt eftir með því að umhverfisnefnd fór í bekk og kynnti leiðbeiningarnar í upphafi og svo ítrekað nú í byrjun árs 2020 með sama hætti.

- **Koma óskilamunum í réttar hendur.** Strax í upphafi var ákveðið að ráðast í að koma skipulagi á meðferð óskilafatnaðar og muna í eigu nemenda. Í því sambandi var farið í að búa til leiðir sem myndu auðvelda nemendum að finna hlutina sína. Ákveðið var að halda óskilamunadaga, hvetja nemendur til að passa hlutina sína betur og foreldra til að merkja fatnað barna sinna. Í því skyni var sent bréf til foreldra og útbúið áminningarblað fyrir nemendur og hengt upp. Þá var kössum undir óskilamuni komið fyrir á sameiginlegu rými nemenda.
- **Fræðsla.** Umhverfisnefnd taldi þörf á að efla fræðslu nemenda um stöðu umhverfismála, hvort sem er í skólanum, sveitarfélaginu og heiminum öllum. Ákveðið var að fá fyrirlestur frá Landvernd um úrgang. Þá var haft samband við Hrafnhildi Tryggvadóttur umhverfisfulltrúa Borgarbyggðar og hún beðin að kynna flokkunarreglur sveitarfélagsins og er hún væntanleg í maí. Nefndin lagði einnig til að fræða nemendur um endurnýtingu á hlutum.

4. Eftirlit og endurmat

Almennt gekk nokkuð vel að ná settum markmiðum. Umhverfisnefnd fylgdi málum eftir til að markmiðin næðust. Fundað var og farið yfir markmiðseyðublaðið sem var nýtt sem vinnuskjal. Stöðugt er fylgst með hvernig til tekst og er það bæði í höndum nemenda og starfsmanna.

Nemendur á unglingsstigi sem sæti áttu í umhverfisnefnd gerðu síðan lokamat á stöðunni nú í lok apríl. Notast var við sama gátlista og í upphafi tímabils ásamt því að Grunnskólinn í Borgarnesi gerði sér sérstakan gátlista þar sem fram kom mat á hvort þeim markmiðum sem sett höfðu verið var náð. Samkvæmt þeirra niðurstöðu náðust þau markmið sem sett höfðu verið í upphafi (sjá fylgiskjal 7).

Að takmarka sorp og flokka betur. Miðað við aðstæður gekk vel að ná settum markmiðum. Framkvæmdir í skólanum hafa staðið yfir tvö síðustu skólaár og hefur það sett mark sitt á verkefnið. Í upphafi tímabilsins var geymsluaðstaða fyrir sorptunnur afar léleg, stórar sorptunnur voru við vegg skólans og kom fyrir að lok fykju upp og laust rusl fyki úr þeim eða þá að þær fykju hreinlega af stað. Nú er komin sorpaðstaða í lokuðum hólum og tunnur til flokkunar við nýja hluta skólans. Í vetur hefur þörfin fyrir ruslagáma verið skoðuð og komið hefur í ljós að þörfin er helmingi meiri en þessir gámar sem komnir eru taka. Auk þess sem staðsetningin er slæm fyrir austari enda skólans og því komum við til með að útbúa svona aðstöðu þar líka þegar byggingaframkvæmdum lýkur. Málið er nú þegar komið í ferli. Húsvörður hefur unnið þétt með stjórnendum og umhverfisnefnd við þetta verkefni. Hvað flokkun innan dyra varðar þá eru flokkunarílát fyrir endurnýtanlegt og almennt sorp í hverri skólastofu og fór húsvörður og stjórnandi sem einnig er fulltrúi í umhverfisnefnd yfir þörfina í sameiningu. Þá eru komnar merkingar á öll ílát.

Umhverfisnefnd hefur áhuga á að fá betri ílát og íhugar að skora á stjórnendur að bæta úr því. Því fylgir töluverður kostnaður sem þarf að gera ráð fyrir í fjárhagsáætlun skólans og verður því ekki fyrr en á næsta skólaári í fyrsta lagi. Á tímabilinu hefur mötuneyti innan veggja skólans verið sett á laggirnar. Með því breyttist afar margvænt s.s. matarafgangar eru aðeins á einum stað þannig að flokkun í lífrænt fer aðeins fram í eldhúsi og matsal, nemendur eiga þess kost að fá

allar máltíðir í skólanum og mjög lítið er um nesti. Nú á dögum Covid 19 höfum við þurft að breyta aðeins og eru þá ávaxtastundir inni á hverju stigi fyrir sig. Við þær breytingar voru sett þar ílát fyrir lífrænan úrgang. Það má greina marktæka breytingu og framfarir á flokkun innan skólans undanfarið ár.

Nýta betur pappír. Umhverfisnefnd bjó til leiðbeinandi reglur um meðferð pappírs (sjá fylgiskjal 8 og 9) og voru þær kynntar í bekkjum skólaárið 2018-2019 og síðan endurskoðaðar 2019 -2020. Leiðbeiningablaðið hangir uppi í kennslustofum og þar sem talin er þörf á eins og við ljósritun og þ.h.. Merkja má að þessi leiðbeiningablöð veki bæði nemendur og starfsfólk til umhugsunar og betri nýtingar á pappír. Rafræn skil á námsefni hafa m.a. aukist. Einnig fá nemendur ýmsar upplýsingar rafrænt sem áður voru sendar á pappír s.s. eins og valbæklinga og velja þá námskeiðin rafrænt líka. Á yngri stigum eru nemendur hvattir til að nota pappírinn vel og eru þau almennt meðvituð um að fara vel með hann. Við teljum að verkefnið hafi gengið vel.

Fara vel með allar eigur skólans t.d. bækur og önnur námsgögn. Við lögðum sérstaka áherslu á bækur og vildum beina sérstökum tilmælum til nemenda og starfsfólks varðandi það og því samdi umhverfisnefnd leiðbeinandi ábendingar um meðferð bóka. Leiðbeiningarblaðið (sjá fylgiskjal 10) hangir uppi í skólastofum þar sem fram koma ábendingar um góða meðferð á bókum. Eftir þær umræður sem komið var af stað varðandi meðferð á bókum og öðrum námsgögnum eru kennarar, nemendur og annað starfsfólk meðvitaðri um góða meðferð á bókum. Einnig hafa nemendur aðgang að tímaritaboxum og hirslum undir bækur og námsgögn sem verður til þess að umhirða þeirra er betri. Við teljum því að við höfum náð viðunandi árangri á þessu sviði.

Koma óskilamunum í réttar hendur. Í gegn um tíðina hafa óskilaföt og aðrir munir nemenda safnast upp yfir skólaárið og í seinni tíð hafa farið stórir ruslapokar í gám Rauða krossins að vori. Þarna eru verðmæti sem ættu eðlilega að tilheyra eigendum. Umhverfisnefnd ákvað að freista þess að taka á vandanum og voru samþykktar nokkrar aðgerðir með það að markmiði að eigendur munanna fái þá aftur.

- Halda *óskilamunadag*. Ákveðið var að halda svokallaðan óskilamunadag tvisvar á ári. Fyrri óskilamunadagurinn skyndi vera í tengslum við foreldraviðtöl í febrúar og sá síðari snemma í maí. Framkvæmdin er sú að umhverfisnefnd flokkar og stillir mununum upp og fara umsjónarkennarar með bekkjum sínum að skoða og vonandi skila einhverjir munir sér til eigenda með þeim hætti. Munirnir eru til sýnis á foreldraviðtalsdegi í febrúar. Það sem eftir verður er geymt til vors og stillt aftur upp ásamt því sem safnast frá febrúar til maí. Í maí er síðari dagurinn í tengslum við svokallaðan opinn dag en þá er foreldrum boðið í skólann. Hugmyndin er að bjóða afgang muna eftir þann dag til sölu á afar lágu verði og myndi ágóði af því fara í nemendasjóð en það sem ekki selst myndi fara til Rauða krossins.
- *Umsjónarkennarar fóru yfir óskilamuni* með sínum nemendum einu sinni í mánuði til að skoða hvort einhverjir fyndu eigur sínar.

- Nefndin benti einnig á að *hlutverk foreldra* í þessu ferli og beindi þeim tilmælum til þeirra að merkja fatnað barnanna t.d. með penna eða límmiða og að minna börnin á að leita í óskilamunum ef eitthvað týnist
- *Hlutverk nemenda* er fyrst og fremst að passa uppá fötin sín og leita í óskilamunum ef eitthvað týnist. Kassar undir óskilamuni eru hjá hverri bekkjarstofu og nemendur hvattir til þess að skoða reglulega hvort þeir eigi eitthvað þar.

Til að gera sér grein fyrir umfanginu þá var ákveðið að vigta allan fatnað í byrjun og lok óskilamunadags.

Skólaárið 2017-2018 féll til mikið af óskilamunum í skólanum. Að loknum skóla var farið með það allt í Rauða krossinn og má áætla að þar hafi verið um 45 til 50 kg að ræða. Var það m.a. ástæða þess að við tókum þetta markmið fyrir.

Skólaárið 2018-2019 var ákveðið að hafa óskilamuni sýnilega dags daglega og voru þeir því látnir vera fyrir utan hverja bekkjarstofu fyrir sig þannig að nemendur gátu þá athugað reglulega hvort þeir ættu eitthvað þar. Varð það til þess að minna safnaðist upp heldur en áður. Það ár héldum við fyrst svokallaðan óskilamunadag. Einn slíkur var haldinn í maí og þá vigtuðum við munina í fyrsta sinn og voru óskilamunir þá 27,5 kg. Að loknum óskilamunadegi vigtuðum við aftur og voru munirnir þá 16,9 kg. Rúm 38% munanna komst þá í réttar hendur og fórum við þá með þessi 16,9 kg í Rauða krossinn.

Nú í febrúar 2020 voru óskilamunir 35,05 kíló í upphafi en að loknum óskilamunadögum voru þeir 17,65 kg. Þannig að 17,4 kg. komust til síns heima sem er um 50% af þeim munum sem lágu hér í skólanum.

Það stóð til að hafa óskilamunadag í byrjun maí 2020 en vegna samkomubanns verður hann að falla niður í því formi sem hann hefur verið og þeir munir sem safnast hafa síðan í febrúar verða því gefnir í fatasöfnun Rauða krossins. Ekki er hægt að segja annað en að það hafi orðið mikið ágengt hvað varðar óskilamunina hér í skólanum. En alltaf má bæta og stefnum við á að halda áfram með óskilamunadaga og að vinna að því að koma mununum í réttar hendur.

Fræðsla. Lögð var áhersla á í upphafi tímabilsins að nemendur fengju fræðslu hvað varðar neyslu og úrgang almennt. Við fengum Katrínu Magnúsdóttur frá Landvernd í heimsókn á vorönn 2019 og fór hún inn í alla bekki og fræddi nemendur um stöðuna í heiminum og hvernig við gætum lagt lóð á vogarskálarnar. Þá var haft samband við Hrafnhildi Tryggvadóttur umhverfisfulltrúa Borgarbyggðar og hún beðin að kynna flokkunarreglur sveitarfélagsins og er hún væntanleg í maí, vonum seinna vegna samkomubanns.

Nefndin lagði einnig til að fræða nemendur um endurnýtingu á hlutum. Það hefur ekki verið gert skipulega en í list- og verkgreinum er áhersla lögð á endurnýtingu hluta og hafa kennarar m.a. sent beiðnir til foreldra og starfsmanna um að fá ílát undan skyri og jógúrti til að vinna úr.

Þess má geta að umhverfisnefnd sendi beiðni til kennara um að vinna verkefni tengd þemanu okkar. Flestir hafa orðið við þeirri beiðni og má sjá verkefni sem lögð voru fyrir sem fylgiskjöl með umsókninni.

Við teljum að okkur hafi tekist vel til með þetta viðfangsefni okkar en alltaf má gera betur í þessum efnum.

5. Námsfni gerð og tenging við aðalnámskrá

Eins og fram kemur hér að ofan voru ýmis verkefni unnin með nemendum í bekkjum og fylgja upplýsingar um þau með sem fylgiskjöl. Hér er yfirlit yfir það sem gert var.

Nemendur í 3. og 4. bekk unnu verkefni í Umhverfismenntasmiðjum og tók verkefnið átta vikur í heild. Í hverri smiðju var fjallað um umhverfisvernd á einhvern hátt (sjá fylgiskjal 11).

Markmið með smiðjunum er m.a. að nemendur:

- komi auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.
- taki þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
- geri sér grein fyrir samspili náttúru og manns.
- flokki úrgang.
- flokki gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra.
- skoði dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð.

Nemendur í 5. bekk sömdu ljóð um náttúruna (sjá fylgiskjal 12).

Markmið verkefnisins er að:

- fá nemendur til leiða hugann að umhverfinu og umhverfisspjöllum.
- virkja sköpun hjá nemendum.

Nemendur í 5. bekk unnu einnig verkefni um flokkun sorps (sjá fylgiskjal 13).

Markmið verkefnisins er að nemendur:

- velti fyrir sér rusli, magni þess og ferli.
- átti sig á umfangi þess sorps sem fellur til á venjulegum heimilum.
- læri að flokka rusl.
- kynni sér hvert ferlið er frá heimili til móttökustöðva sorps.
- átti sig á hvað hver og einn getur gert til að minnka úrgang.

Nemendur 6. bekkjar unnu verkefnið „Maður og náttúra.” (sjá fylgiskjal 14).

Markmiðið verkefnisins er að:

- nemendur velti fyrir sér hvað verði um allt plastið.
- nemendur viti hversu lengi hlutir eru að eyðast í náttúrunni.
- nemendur velti fyrir sér hvað þeir geti lagt af mörkum til að minnka rusl frá heimili og skóla.
- nemendur vinni saman í litlum hópum.

Þá vann þessi sami hópur þ.e. 6. bekkur verkefnið „Vigtun á matarleyfum.” (sjá fylgiskjal 15).

Markmið verkefnisins er að:

- minnka sóun á mat í skólanum.
- læra að taka mátulega mikinn mat á diskinn.

Nemendur 7. bekkjar unnu verkefni um kolefnisfótspor (sjá fylgiskjal 16).

Markmið verkefnisins er að:

- skoða hversu margar jarðir við þurfum ef allir lifa eins og við.
- nemendur átti sig á áhrifum okkar á umhverfið, hvaða áhrif allar okkar athafnir hafa á lífríki jarðar, jafnvel í fjarlægum löndum.
- nemendur skilji að mikilvægt er að hugsa sig um áður en maður kaupir hluti eða hendir þeim.
- nemendur átti sig á auðlindunum okkar, og heimsins alls, og hversu mikilvægt er að fara vel með þær.

Nemendur í 8. - 10. bekk unnu verkefnið „Troðið í tunnuna” (sjá fylgiskjal 17).

Hér er um að ræða þemaverkefni þar sem áhersla var lögð á flokkun sorps. Fundin voru hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla (2013) og verkefnið skipulagt í samræmi við þau. Nemendur unnu bæklinga varðandi flokkun í tengslum við verkefnið (sjá fylgiskj. 18 og 19).

Þau hæfniviðmið sem unnið var með voru að nemendur gætu:

- Rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna.
- Fengist við samfélagsleg og siðferðisleg málefni af mismunandi sjónarhólum.
- Ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleysis.
- Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaheill.
- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.

- Náð góðu valdi á stafsetningu og þekkt flestar reglur um greinarmerkjasetningu og geti stafsett rétt almenna texta.
- Þjálfast í uppsetningu og frágangi á eigin texta.
- Skipt texta í efnisgreinar, málsgreinar og setningar af öryggi.
- Sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda og verkefnavinnu.
- Nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.

Stuðst er við hæfniviðmið aðalnámskrár við mat á öllum verkefnum.

Auk þessara verkefna sem hér eru talin, eru tvö verkefni sem við vinnum að og snerta málefnið. Annað þeirra, Tökum til hendinni, er verkefni sem hefur verið í mörg ár en hitt, Bjössaróló, er verkefni sem við hófum vorið 2019.

Verkefnið „Tökum til hendinni” er unnið hvert vor í Borgarnesi. Upphaf þess má rekja til Grunnskólans en nú er það verkefni sem mörg fyrirtæki taka þátt í. Við í skólanum skipuleggjum tiltektir í nágrenni skólans og er þá árgöngum úthlutað svæði sem nemendur „plokka.”

Bjössaróló er þekkur leikvöllur í Borgarnesi. Á leikvöllinum eru heimasíðuð leiktæki sem þarfnast töluverðs viðhalds. Þar erum við í samstarfi við sveitarfélagið og er það aðallega unglingsdeild skólans sem sinnir því. Verkefnið er að skipta út brotnum spýtum fyrir nýjar, pússa og mála undir leiðsögn starfsmanns Borgarbyggðar og kennara skólans. Verkefnið er unnið á góðviðrisdögum í maí.

6. Kynning á stefnunni

Umhverfisnefnd ákvað að bjóða upp á kynningu í Salnum í skólanum á vordögum 2020, á „Opnum degi” þar sem foreldrum og öðrum er boðið að koma í skólann og fylgjast með starfinu auk þess er búið að stilla upp verkefnum frá vetrinum. Þar myndu nemendur kynna það starf sem unnið hefur verið í verkefninu undanfarin tvö og hálf ár. Nú er fyrir séð að ekki verður hægt að koma þessu í framkvæmd vegna samkomubanns og því verður farið í aðrar útfærslur á kynningu verkefnisins. Hugmyndin er að útbúa kynningu sem sett verður á Youtube og vakin athygli á henni á heimasíðu skólans og sveitarfélagsins auk Facebooksíðu skólans.

Auk þess kom fram hugmynd um að fara í samstarf við sveitarfélagið og láta útbúa segul á ísskápa þar sem umhverfissáttmáli skólans kæmi fram auk flokkunarreglna Borgarbyggðar. Aðstoðarskólastjóri, sem á sæti í umhverfinesnefnd, skrifaði umhverfisfulltrúa Borgarbyggðar í framhaldi af fundinum. Svör bárust fljótlega þar sem vel var tekið í erindið. Í bréfinu segir m.a. „Þetta er nú skemmtileg tímasetning, því á fundi Umhverfis- og landbúnaðarnefndar í dag kl. 13, á einmitt að ræða kynningarmál varðandi breytingar á sorphirðu. Seglar á ísskáp er eitt af því sem hefur verið í umræðunni og annað kynningarefni.” Þetta viðfangsefni er enn á umræðustigi en fylgt eftir af stjórnanda sem er fulltrúi í umhverfisnefnd. En með þessum móti vonumst við til þess að umhverfissáttmáli skólans hafi áhrif inn á hvert heimili í Borgarbyggð.

7. Umhverfissáttmálinn

Á fundi í janúar 2020 ákvað umhverfisnefnd að umhverfissáttmáli skólans yrði í formi slagorðs en tillögur að slagorðum yrðu samdar af nefndinni. Að því loknu var nefndinni skipt upp í fimm vinnuhópa og fékk einn hópurinn það hlutverk að búa til slagorð. Nefndarmenn komu sér saman um 6 slagorð sem þeir myndu bera undir nemendum í öllum bekkjum skólans. Fulltrúar úr unglingsdeild skólans, fimm saman, fóru síðan í bekki þar sem nemendum gafst kostur á að velja það slagorð sem þeim hugnaðist best. Það fór fram með þeim hætti að slagorðin voru skrifuð á töflu í bekkjarstofum og áttu nemendur að velja á milli. Þessi aðferð tókst vel, þó fullorðnir meðlimir nefndarinnar hefðu vissar áhyggjur af framkvæmdinni.

Slagorðin voru síðan borin undir starfsfólk skólans en þar fór kosningin fram á kjörseðlum. Slagorðin voru þessi:

- Flokkum fyrir umhverfi okkar
- Veldu græna framtíð
- Að flokka hvern dag, kemur skapinu í lag
- Leggjum umhverfinu lið
- Flokkum, það borgar sig
- Flokkun er lykillinn að betri framtíð

Það var slagorðið „*Að flokka hvern dag, kemur skapinu í lag*” sem bar sigur úr býtum og verður því umhverfissáttmáli Grunnskólans í Borgarnesi að minnsta kosti næstu tvö ár.

Borgarnesi 30. apríl 2020

F.h. umhverfisnefndar

Ragnhildur Kristín Einarsdóttir

Kristín María Valgarðsdóttir

Fylgiskjöl

- Fylgiskj. 1 og 2. Tvær fundargerðir umhverfisnefndar.
- Fylgiskj. 3, 4 og 5. Umhverfisgátlisti – fyrsta úttekt
- Fylgiskj. 6. Markmiðssetningaeyðublað
- Fylgiskj. 7. Umhverfisgátlisti – loka úttekt
- Fylgiskj. 8 og 9. Leiðbeinandi reglur um meðferð pappírs
- Fylgiskj. 10. Leiðbeiningarblað varðandi meðferð á bókum
- Fylgiskj. 11 Umhverfissmiðjur - 3. og 4. bekkur
- Fylgiskj. 12 Ljóð um náttúruna – 5. bekkur
- Fylgiskj. 13 Grænfánaskýrsla - flokkun sorps – 5. bekkur
- Fylgiskj. 14 Maður og náttúra – 6. bekkur
- Fylgiskj. 15 Vigtun á matarleyfum – 6. bekkur
- Fylgiskj. 16 Kolefnisfótspor – 7. bekkur
- Fylgiskj. 17 Troðið í tunnuna – skýrsla 8. - 10. bekkur
- Fylgiskj. 18 og 19 Troðið í tunnuna bæklingar